

Laugardaginn 15. júní 1946.

Nr. 152/1945. Fiskur & Ís h/f (Hrl. Magnús Thorlacius)  
gegn

Höjgaard & Schultz A/S

(Hrl. Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1945, gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að bæta honum fé allt það tjón, sem hann hafði beðið af vanefnd stefnda á samningi aðilja frá 10. júlí 1943. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 8. júlí 1943 gerðu fyrirsvarsmenn stefnda ráðstafanir til þess, að tekið yrði frá það af torfbirgðum stefnda við Minni Borg í Grímsnesi, sem hagnýta mætti við lagningu hitaveitu Reykjavíkur, en torf þetta var skorið árið 1940, og hafði mestur hluti þess verið geymdur í stökkum frá þeim tíma. Hinn 10. sama mánaðar gerðu fyrirsvarsmenn aðilja samning þann, er í málinu greinir, um sölu til áfrýjanda á 300 m<sup>3</sup> af nefndum torfbirgðum.

Hinn 11. sama mánaðar létu fyrirsvarsmenn stefnda hefja flutninga frá Minni Borg á því torfi, sem ætlað var til hitaveitunnar. Stóðu þeir flutningar fram yfir miðjan ágústmánuð. Hinn 24. júlí ók fyrirsvarsmaður áfrýjanda ásamt Böðvari Tómassyni á Stokkseyri, er honum var til aðstoðar, að Minni Borg, og litu þeir þá á torfið. Hinn 16. ágúst næstan á eftir tók nefndur Böðvar Tómasson að flytja torf fyrir áfrýjanda frá Minni Borg til Stokkseyrar, en þaðan átti síðan að flytja það til Vestmannaeyja. Voru farnar 11 ferðir með torf til Stokkseyrar fram til 7. september og fluttir

65 m<sup>3</sup> af torfi, en þá lét fyrirvarsmaður áfrýjanda hætta flutningunum. Síðar í septembermánuði kom fyrirvarsmaður áfrýjanda til Reykjavíkur og bar þá fram við fyrirvarsmenn stefnda kvörtun undan því, að torf það, sem skilið var eftir handa áfrýjanda að Minni Borg, hefði verið ósamningshæft, en það af torfinu, sem nýtilegt var, hefði verið flutt til Reykjavíkur. Þessi kvörtun stoðar áfrýjanda ekki um þá 65 m<sup>3</sup> torfs, sem hann sótti að Minni Borg og tekið var við athugasemdalaust af hans hálfu. Kvörtun áfrýjanda, að því er varðar hinn hluta torfs þess, sem um var samið, kom að vísu seint fram, en ekki verður talið, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti sínum af þeim sökum, þar sem fyrirvarsmenn stefnda báru ekki of seina kvörtun strax fyrir sig, heldur tóku í bréfi 28. september 1943 að gera áfrýjanda tilboð um torf, sem afgang varð við hitaveituna í Reykjavík, til efnda á samningi aðilja.

Páll Pálsson, Minni Borg, sem stefndi fól að taka frá torf, sem hagnýtt yrði við hitaveituna, hefur sem vitni skýrt svo frá, að torf það, sem eftir varð að Minni Borg, er stefndi hafði tekið þar torf til hitaveitunnar, hafi verið tómtn snepladót og grautfúíð. Vitnið Olgeir R. Sigurðsson verzlunarstjóri á Minni Borg, sem aðstoðaði stefnda við flutning torfsins til Reykjavíkur, hefur lýst því, að við töku torfsins handa hitaveitunni hafi verið skilið eftir og kastað burtu mjög lélegu torfi, sem var grautfúíð og í sneplum. Vitnið Böðvar Tómasson, sem flutti torf fyrir áfrýjanda til Stokkseyrar, hefur látið uppi það álit sitt, að torfið hafi verið fúíð og losnað sundur, er það var tekið upp. Vætti þessara manna sannar það, að torfið á Minni Borg, sem áfrýjanda var ætlað til efnda á samningi aðilja, var ósamningshæft vegna galla. Tilboð stefnda um afhendingu á torfi í Reykjavík er ekki fullnægjandi.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er stefndi ábyrgur til fébóta vegna tjóns, sem áfrýjandi kann að hafa beðið af vanefnd á nefndum samningi, að því er varðar 235 m<sup>3</sup> torfs.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1500.00.

## Dómsorð:

Stefndi, Højgaard & Schultz A/S, er gagnvart áfrýjanda, Fiski & Ís h/f, ábyrgur til fébóta vegna þess tjóns, sem áfrýjandi kann að hafa beðið af vanefnd stefnda á samningi aðilja frá 10. júlí 1943, að því er varðar afhendingu á 235 m<sup>3</sup> af torfi.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Magnús Guðbjartsson f. h. Fisks & Íss h/f í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 25. júlí 1944, gegn Højgaard & Schultz A/S hér í bæ og borið fram þær kröfur, aðallega að stefnda verði dæmt, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að afhenda sér 300 rúmmetra af góðu og ófúnu einangrunartorfi og til þess að greiða sér kr. 50000.00 í skaðabætur vegna dráttar á afhendingu ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 6000.00, en til vara, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 56000.00 með vöxtum, sem fyrr greinir. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málið fer.

Að þessu sinni fór málflutningur fram um það eitt, hvort stefndi sé bótaskyldur vegna vanefnda á síðargreindum samningi, og var sú skipting sakarefnis viðhöfð að beiðni aðilja og með samþykki dómara.

Af hálfu stefnanda var þess þá krafizt, að stefnda yrði dæmt skylt að greiða bætur fyrir allt það tjón, sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir af vanefndum stefnda á síðargreindum samningi svo og til greiðslu málskostnaðar. Jafnframt var stefnanda áskilinn réttur til þess að breyta síðar aðalkröfu sinni um afhending einangrunartorfs í fjárkröfu í bótaskyni.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Árið 1940 lét stefndi skera reiðing í Grimsneshreppi, um 1900 torfur, og var því komið fyrir í stökkum að Minni-Borg þar í hreppi. Um veturinn eða vorið varð vart hita í torfinu, og var það því þurrkað og stakkað af nýju um sumarið 1941 og stóð síðan óhreyft til ársins 1943. Á því vori sendi stefndi einn verkstjóra

sinna til þess að rannsaka það, hvort torfið væri enn nothæft til einangrunar á aðalæð hitaveitu Reykjavíkur, en til þeirra nota var það ætlað í upphafi. Taldi verkstjórinn ólíklegt, að svara myndi kostnaði að nota torf þetta, þar eð það væri orðið svo laust í sér, að eigi myndi unnt að vefja því um vatnsæðarnar. Í júní 1943 fór annar verkstjóri stefnda og skoðaði torfið, og taldi hann allmikið af því nothæft. Athugaði hann efstu torfurnar í tveim stórum stökkum, er hann taldi geyma aðalmagn torfsins, þar til hann fann torfu, er honum fannst nægilega löng (um  $1\frac{1}{2}$  metri) og ekki of laus í sér. Sýndi hann hana síðan manni þar á staðnum og skyldi sá hafa hana til hliðsjónar við sundurgreining torfsins, en það verk var honum falið með bréfi stefnda, dagsettu 8. júlí 1943, en þar segir svo m. a.: „Vi beder Dem herved om at foretage en Sortering af vore Tørvestakke i Grimsnes ved Minni-Borg, saaledes at de Stykker, der endnu er brugelige, kan blive sendt til Hitaveita Reykjavíkur.“

Í júlímánuði sama ár sneri stefnandi sér til bæjarverkfræðingsins í Reykjavík þeirra erinda að fá keypt torf til einangrunar frystiklefa sinna í Vestmannaeyjum, en var vísað um það til stefnda. Átti hann þar tal við einn verkfræðinga stefnda, Eric V. Lundgaard, er sýndi eða lét sýna honum eina torfu austan af Minni-Borg, og tókust með þeim samningar, er staðfestir voru af hálfu beggja aðilja með svo hljóðandi yfirlýsingu, dagsettri 10. júlí 1943: „Við staðfestum hér með að hafa selt yður 300 m<sup>3</sup> torf frá Minni-Borg í Grímsnesi á kr. 30.00 — þrjátíu krónur — pr. m<sup>3</sup>, í allt kr. 9000.00 — níu þúsund krónur.

Torfið á að vera gott einangrunartorf og ófúsið, en má að öðru leyti vera laust í sér, og ekki er skilyrði, að það sé alveg þurrt. Torfið er úr stökkum.

Greiðla fer þannig fram: Nú við undirskrift kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur — og afgangurinn, kr. 6000.00 — sex þúsund krónur — þegar afhending hefur farið fram.“

Hinn 16. ágúst næstan eftir þetta hóf stefnandi að láta flytja torf frá Minni-Borg til Stokkseyrar, en þaðan átti síðan að flytja það til Vestmannaeyja. Alls voru farnar 11 ferðir á tímabilinu til 7. september sama ár, en þá var flutningunum hætt. Síðar í þeim mánuði kom stefnandi til Reykjavíkur og hafði þá athugað torfið, sem var á Stokkseyri. Átti hann nú enn tal við fyrirsvarsmann stefnda, og ritaði stefndi honum síðan bréf til Vestmannaeyja, dagsett 28. september 1943, er hljóðar svo:

„Ifølge Aftale af 10 Juli d.A. solgte Firmaet til Dem 300 m<sup>3</sup> Isoleringstørv fra Minni-Borg af nærmere angivet Kvalitet under den Forudsætning, at Leverancen straks fandt Sted. Afhentningen begyndte imidlertid først i Midten af August Maaned og saa sent, at vi allerede havde transporteret hele Restpartiet til Reykjavik. Iflg.

Opmaaling, der blev foretaget i Stokkseyri, blev der ialt kun leveret 65 m<sup>3</sup> fra Minni-Borg, og man blev derfor enig om, at Firmaet skulde levere Resten fra Beholdningen i Rvík, enten fra de Stakke. De allerede har set ved Álafossmýri, eller fra andre Stakke langs Hovedledningen, der indeholder smaa, vaade men friske Rester af de Törv, der bliver brugt til Isolering af Staalrørene.

Vi maa nu af Hensyn til den fremrykkede Aarstid bede Dem om at aftage Partiet för den 15. October, da vi efter den Tid maa göre, hvad vi kan for at sælge alt, hvad der er blevet tilbage, og saaledes ikke kan garantere nogen Leverance til Dem."

Þessu bréfi svaraði stefnandi með bréfi, dagsettu 8. október sama ár, og var það á þessa leið:

„Með tilvísun til samnings vors, dags. 10. júlí, og bréfs yðar, mótt ekið dags. 28. september, leyfum vér oss að taka þetta fram:

Svo var um talað, að þér tækjuð fyrst nokkuð af torfinu, áður en vér tækjum það torf, sem oss var ætlað. Síðar fréttum vér, að búíð væri að taka megnið af torfinu á brott. Strax og vér fréttum þetta, hringdum vér til gjaldkera yðar til þess að fá hið sanna í málinu. Hann fullyrti, að það torf, er oss var ætlað, væri eftirliggjandi á Minni-Borg. Vér fengum svo leyfi hans til þess að hefja flutning á torfinu. En svo þegar Böðvar Tómasson, Stokkseyri, sem átti að taka á móti torfinu og flytja það til Stokkseyrar, ætlaði að taka það, var ekki annað eftir en fúíð og blautt torf, sem alls ekki uppfyllti þau skilyrði, sem samið var um. Samt sem áður flutti hann af torfi þessu til Stokkseyrar ca. 65 m<sup>3</sup>.

Vér álitum, að þetta torf sé ónothæft til einangrunar, og munum því ekki leggja í þann kostnað að flytja það til Vestmannaeyja.

Þar sem málum er nú svo komið, þá erum vér neyddir til að fresta einangrun frystiklefans til næsta sumars, og leyfum vér oss í því sambandi að gera þá fyrirspurn til yðar, hvort þér munið þá geta skuldbundið yður til að skaffa oss torf, sem sé ekki lakara en samið var um í fyrstu og verði oss ekki dýrara. Þar sem ekki hefur verið staðið við gerða samninga af yðar hálfu, áskiljum vér oss allan rétt til þess að vera gerðir skaðlausir vegna samningsrof-anna."

Stefndi ritaði stefnanda enn bréf, dagsett 20. nóvember 1943, og segir svo:

„Vi har modtaget Deres Brev, dateret den 8. Oktober.

„Vi kan ikke godkende Deres Paastand om, at det var efter Aftale med os, at De ventede med at aftage Deres Törvekvantum.

Da De ikke afhentede Törven, blev den i høj Grad forringet i Kvalitet paa Grund af Regn, hvorved vi har lidt Tab, som vi maa mene, at De bærer Ansvar for, og maa vi forbeholde os enhver Ret overfor Dem i den Anledning.

De 65 m<sup>3</sup> Törv, som De lod köre til Stokkseyri, blev overtaget i

Grimsnes af Deres Repræsentant uden nogetsomhelst Forbehold og derfor antaget af ham paa Deres Vegne som kontraktmæssig Vare.

Og vi maa selvfølgelig protestere imod, at det er vor Skyld, hvis De maa udsætte at isolere Deres Frysehus.

Men til Trods for, hvad der var sket i Sagen, vilde vi gerne søge at bidrage til den bedst mulige Ordning af denne, og derfor traf vi den Atale med Dem, som ommeldes i vort Brev til Dem, dat. 28. Sept. d.A., nemlig at De skulde aftage Törvene her i Reykjavík. Dette forbigaar De aldeles i Deres ovennævnte Brev.

Men som udtrykkelig fremhævet i vort nævnte Brev af 28. Sept. d.A., skulde De aftage Partiet *för den 15. f.M.* Dette gjorde De ikke, og nu er det jo blevet for sent.

Vi er villige til at optage en Forhandling med Dem om en endelig Opgørelse m.H.t. Deres Indbetaling til os som Forskud i Anledning af denne Forretning.“

Loks er bréf stefnanda, dagsett 9. desember 1943, og er þetta í því meðal annars:

„Við höldum fast við það, að þér áskilduð yður að taka fyrst af torfinu, áður en afhending til okkar hæfist. Því er algerlega mótmælt, sem segir í bréfi yðar 28. september þ. á., að samningurinn hafi verið gerður með þeirri forsendu, að afhending hæfist strax. Ef samningurinn hefur verið gerður með þeirri forsendu af yðar hálfu, þá var sú forsenda oss með öllu ókunn. Þvert á móti ætluðuð þér að taka af torfinu fyrst, en skilja eftir nóg til að efna samninginn við oss.

Þér höfðuð því enga réttmæta ástæðu til að flytja meginíð af torfinu, sem oss hafði verið selt, til Reykjavíkur og valda því þar með, að samningurinn hlaut að vera vanefndur af yðar hálfu. Auk venjulegrar ábyrgðar yðar á þeim vanefndum, verður ekki betur séð en að þér eigið sök á vanefndunum þar á ofan. Það er ekki rétt, að vér höfum fallizt á, að þér afhentuð eftirstöðvarnar af birgðum yðar í Reykjavík, Álafossmýri eða annars staðar meðfram hitaveitunni. Þetta er svo fjarstætt, að engu tali tekur. M. a. minnst þér á, að vér höfum séð torfið við Álafossmýri, en þetta er með öllu rangt hermt, og hlýtur þetta að vera byggt á einhverjum misskilningi hjá yður. Vér höfum aldrei séð þetta torf við Álafossmýri né annars staðar, þar sem þér nefnið.

Oss furðar á, að þér skulið vilja negla oss á, að umboðsmaður vor hafi ekki hreyft athugasemdum við því, hversu ástatt var um torfið, sem hann tók. Munnlega hafið þér viðurkennt, að það væri ósamningshæft. Vér ætluðum þó að láta það gott heita. En á það höfum vér aldrei fallizt, að yður hafi ekki borið að afhenda oss eftirstöðvar hins selda torfs samkvæmt samningnum. Og þér verðið

að bera ábyrgð á vanefndum yðar og bæta oss allt tjón, sem vér höfum orðið og verðum fyrir þeirra vegna.“

Samnings- og sáttaumleitanir með aðiljum reyndust árangurslausar, og höfðaði stefnandi síðan mál þetta, sem fyrr segir.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að allt það torf, sem stefndi átti að Minni-Borg, hafi verið fúíð, er samningar aðiljanna voru gerðir, og hafi ráðamönnum stefnda verið þetta kunnugt og hann því beittur svikum við kaupin. Dregur stefnandi þessa ályktun af þeirri staðreynd, að í torfinu hitnaði, sem fyrr var lýst, en af því hljóti að leiða fúa, en jafnframt styðst hann við vætti manns þess, sem fyrr var sagt, að hafði á hendi sundurgreining torfsins, svo og manns þess, er hóf að sækja torfið fyrir stefnanda. Þá mótmælir hann og eindregið vætti þeirra manna, sem hafa gefið vottorð í gagnstæða átt, þar eð eigi hafi nema einn eða tveir vitað af eiginni raun, hvaðan torf það var, sem þeir sáu, en þeir, er það vissu, hafi eigi rannsakað, hvort fúi var í því, enda séu þeir vilhóll vitni. Loks hafi ekki komið fram andmæli gegn þessari staðhæfingu í bréfum stefnda né mótmæli gegn kröfum hans, byggð á þeim grundvelli, að hann hafi kvartað of seint um þessa galla, ekki fyrr en við munnlegan flutning málsins, en það sé samkvæmt réttarfarslögum um seinan. Í öðru lagi eru kröfur stefnanda byggðar á því, að þótt svo kynni að reynast, að torfið að Minni-Borg hafi ekki allt verið ónýtt af fúa, þá hafi stefndi rofið samning aðiljanna með því að láta flytja burt þaðan allt það torf, sem óskemmt var, áður en stefnanda var veitt heimild til þess að taka sitt torf, en eins og þegar er fram komið af bréfum hans, heldur hann því fram, að hann hafi samkvæmt munnlegu umtali við samningsgerðina átt að biða þess, að flutt yrði burt það torf, sem nothæft þótti til hitaveitunnar, en þá flutninga hóf stefndi hinn 11. júlí 1943 og hélt þeim áfram fram í ágústmánuð. Það hafi þess vegna verið skylda stefnda að sjá um það, að eftir yrði torf í stökkum, er fullnægði samningsskilyrðunum og nægilegt magn til efnda samningnum. Hins vegar sé fullsannað, að ekki var annað skilið eftir en fúnir og ónýtir sneplar á við og dreif. Loks hafi framboð stefnda á öðru torfi ekki verið fullnægjandi, þar eð það hafi verið nýtt torf og því óhæft til einangrunar fyrr en að þurrkun lokinni.

Stefndi styður kröfur sínar fyrst og fremst við það, að með öllu sé ósannað, enda rangt, að torfið hafi verið fúíð, er kaupin voru gerð. Telur hann því til stuðnings m. a. það, að stefnandi hafi sjálfur skoðað það við annan mann hinn 24. júlí sama ár og þeir ekki orðið varir neinna skemmda, að því er séð verði. Þá hafi og margir menn á vegum stefnda skoðað torf þetta og talið hæft til einangrunar hitaveitueðanna, enda hafi það síðan verið notað til hennar. Í annan stað hefur stefndi eindregið mótmælt sem rangri

staðhæfingu stefnanda um afhendingartímann og haldið fast við frásögn sína um það, að stefnanda hafi verið bæði rétt og skylt að taka þegar í stað til að sækja sinn hluta af torfinu. Torfið hafi verið í stökkum, er salan fór fram, en stefnandi hafi hins vegar dregið að sækja það í meira en mánuð, algerlega að tilefnislausu, og beri hann því sjálfur ábyrgð á skemmdum á torfinu, sem honum mátti vera ljóst eftir viðræður aðiljanna, að yrði rífið úr stökkunum vegna hinnar fyrirhuguðu sundurgreiningar þess, en þrátt fyrir það sé og leitt í ljós í málinu, að tveir torfstakkar voru sem næst óhreyfðir hinn 16. ágúst. Loks heldur stefndi því fram, að meira en tvöfalt magn það, sem um var samið, hafi verið eftir, er sótt hafði verið torf það, sem notað var við hitaveituna. Þá heldur stefndi því og fram, að þótt svo kynni að verða litið á, að torf það, sem stefnandi keypti, hafi verið gallað, þá hafi framboð stefnda á öðru torfi, eins og fram kemur af framangreindum bréfum þess, leyst það undan bótaábyrgð. Að lokum heldur stefndi því fram, að ljóst sé af gögnum málsins, að kvörtun um galla kom engin fram af hálfu stefnanda fyrr en um mánaðamótin september—október 1943, og sé hún því of seint fram komin, þar eð þessi staðreynd liggi í augum uppi, allt frá því áður en mál þetta var höfðað, sé eigi unnt að telja varnir, byggðar á henni, of seint fram komnar í málinu.

Stefnanda hefur ekki tekizt að færa sönnur á þá staðhæfingu sína, að allt torf stefnda að Minni-Borg hafi verið skemmt af fúa, þegar samningur aðiljanna var gerður, og er því eigi unnt að taka til greina kröfur hans á þeim grundvelli. Þá hefur stefnandi heldur ekki fært sönnur á það gegn eindregnum andmælum stefnda, að svo hafi verið um samið, að afhending torfsins skyldi bíða nánari fyrirmæla stefnda, og verður því með vísan til 2. mgr., 12. gr. laga nr. 39 frá 1922 að líta svo á, að stefnandi mætti krefjast hins selda torfs þegar í stað.

Með hliðsjón af 9. gr. sömu laga verður að telja afhendingarstað hins selda torfs hafa verið að Minni-Borg, þar eð báðum samningsaðiljum var kunnugt um tilvist torfsins þar. Ekki er véfengt í máli þessu, að nægilegt magn til efnda samningnum var á staðnum, er kaupin gerðust, enda engin vissa fengin um það í máli þessu, hvort eða hversu mjög skemmdar torfbirgðir stefnda voru á þeim tíma. Með skirskotun til alls, er að framan er sagt, verður því að telja ósannað í máli þessu, að stefndi hafi vanefnt fyrrnefndan samning aðiljanna frá 10. júlí 1943, og ber því að taka til greina sýknukröfu hans, en með hliðsjón af öllum málavöxtum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dráttur á uppsögu hans stafar af embættisönnum.



Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Höjgaard & Schultz A/S, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Fisks & Íss h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 18. júní 1946.

Nr. 112/1944. **Einar M. Einarsson** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson) gegn

**Skipaútgærð ríkisins** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 13. september 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. september s. á. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 18536.20 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð, sem dæmd verður, frá 23. janúar 1942 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Dómsmálaráðherra skipaði áfrýjanda 3. maí 1937 skipherra á Ægi um 6 ára bil frá 10. apríl 1937 að telja. Var skipunin gerð í samræmi við 3. gr. laga nr. 32/1935 og skyldi gilda, svo fremi ríkið gerði út skip til strandgæzlu og björgunar.

Áfrýjandi var látinn hætta skipstjórn 27. desember 1937. Voru honum greidd áfram hin föstu laun sín út ráðningartímabilið, en synjað greiðslu, er hann krafðist til uppbótar á því, að hann varð af ýmsum fjárhagshlunnindum, er hann hafði notið sem skipherra á Ægi. Höfðaði hann þess vegna mál þetta og krafðist kr. 18536.20. Með hinum áfrýjaða